

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2020  
UST202005-212/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnisnámur virkjana í Blönduveitu. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. apríl sl. sem barst Umhverfisstofnun 20. maí 2020 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða frekari efnistöku úr tveimur námum annars vega við Kolkuurð og hins vegar við Kolkukvíslarhól. Námurnar eru staðsettar í nánd við lokuvirki Kolkustíflu. Fyrirhugað er að taka samtals 140.000 m<sup>3</sup> úr námunum. Aðkomuvegir að námunum eru þegar til staðar. Fyrirhugað er að ganga frá námusvæðunum að efnistöku lokinni.

Hér er um að ræða efnistöku úr námum sem þegar hafa verið nýttar við mannvirkjagerð í tengslum við Blönduvirkjun og ætlunin er að nýta þær vegna nýrra framkvæmda við Blönduveitu. Námurnar eru staðsettar á virkjanasvæði nærri mannvirkjum þannig að breytingar á ásýnd og landslagi verða væntanlega óverulegar miðað við fyrri framkvæmdir á þessu svæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er ítarleg og fullnægjandi grein er gerð fyrir framkvæmdinni. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að athuga hvort ástæða sé til að bæta eldri frágang í námunum.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sverri Aðalsteinn Jónsson  
Teymisstjóri